

Reykjavík, 8.maí 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögreglulögum
(verndarsamkomulag Evrópusambandsins)

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (e. *inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu félagsins til 2030 og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Rauði krossinn lýsir yfir áhyggjum af skerðingum á réttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd sem felast í þeim lagabreytingum sem þegar hafa verið gerðar og kynnt hefur verið að séu áætlaðar. Sem málsvari fólks á flótta vill félagið brýna fyrir stjórnvöldum að hafa mannúðar- og sanngirnissjónarmið að leiðarljósi við frekari ákvarðanatöku er viðkemur einstaklingum í þessari viðkvæmu stöðu.

Félagið tekur í öllum aðalatriðum undir umsögn Félags talsmanna umsækjenda um alþjóðlega vernd um frumvarpið.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri